

Svar

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Kára Kristjánssonar um fjölgun öryrkja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar eru ástæður þess að öryrkjum sem fá greiddar örorkubætur frá hinu opinbera hefur fjölgað um 50% á tímabilinu 1998–2004, eins og fram kom í stefnuræðu forsætisráðherra 4. október sl.?*
2. *Hversu mikið hefur öryrkjum fjölgað á hverju ári á ofangreindu tímabili?*
3. *Hversu hátt hlutfall vinnuafls á Íslandi fær greiddar örorkubætur?*
4. *Hversu mikið hafa heildarþótagreiðslur ríkisins til öryrkja aukist á tímabilinu 1998–2004?*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um ástæður þess að öryrkjum sem fá greiddar örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins hefur fjölgað um 50% á tímabilinu 1998–2004. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Tryggingastofnun ríkisins hafa haft samvinnu um að finna skýringar á fjölguninni, m.a. í tengslum við skoðun á áhrifum aldurstengdu örorkuuppbótarinnar sem tekin var upp á þessu ári. Við þá skoðun komu fram nokkrar hugsanlegar skýringar á mikilli fjölgun öryrkja hér á landi.

Ein skýringin sem nefnd hefur verið er að fyrir 1. september 1999 var örorka metin á grundvelli læknisfræðilegra, fjárhagslegra, félagslegra og landfræðilegra forsendna. Með lögum nr. 62/1999 var 12. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, breytt þannig að örorka vegna lífeyristrygginga almannatrygginga skyldi metin á grundvelli færni umsækjanda samkvæmt örorkumatsstaðli sem grundvallaðist á afleiðingum læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar. Hugsanlega má rekja fjölgunina að einhverju leyti til þessa.

Önnur hugsanleg skýring getur verið að sl. ár hafa verið gerðar miklar breytingar á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, sem kunna að hafa leitt til aukinnar ásóknar í bætur. Lagabreytingarnar hafa rýmkað réttindi öryrkja verulega og sem dæmi um rýmkuð réttindi eru að dregið hefur verið úr tengingum við tekjur maka, frítekjumörk hækkuð töluvert, aðeins 60% af atvinnutekjum öryrkja leiða til skerðingar á tekjutryggingu í stað 100% áður, rýmkaður hefur verið réttur til tekjutryggingarauka og greidd er uppbót á örorkulífeyri sem er aldurstengd.

Þriðja hugsanlega skýringin getur verið að samfélagsaðstæður hafi breyst þannig að þær hafi leitt til fjölgunar öryrkja. Þegar kreppi að á vinnumarkaði, með aukinni samkeppni, auknum kröfum um vinnuafköst og auknu atvinnuleysi, megi búast við að þeir sem hafi skerta vinnufærni vegna afleiðinga sjúkdóma og fötlunar detti fyrr út af vinnumarkaðnum en aðrir og sækji þá um örorkubætur. Þá ýti atvinnuleysi undir heilsubrest, sérstaklega andlegan. Ýmsar aðrar skýringar eru jafnframt hugsanlegar eins og aukin streita og hraði í samfélaginu, svokölluð sjúkdómavæðing eða jafnvel aukið almennt heilsuleysi.

Framangreindar skýringar eru eingöngu tilgátur og eins og að framan greinir býr ráðuneytið ekki yfir fullnægjandi upplýsingum um ástæður þess að öryrkjum fjölgar svo hratt hér á

landi. Því hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveðið í samvinnu við fjármálaráðherra að láta hlutlausan aðila kanna betur ástæður fjölgunarinnar hér á landi undanfarin ár og hefur þar af leiðandi óskað eftir því við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að stofnunin rannsaki ástæður þessa. Er reiknað með að skýrslu um rannsóknina verði skilað til ráðherra fyrir lok janúarmánaðar árið 2005.

Þess má geta að þrátt fyrir fjölgun þeirra sem eru á fullum örorkubótum frá Tryggingastofnun ríkisins er hlutfall öryrkja á Íslandi miðað við fólksfjölda enn mun lægra en gerist t.d. í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Þessi ríki og önnur Evrópuríki, svo sem Holland og Bretland, hafa þegar brugðist við hinni miklu fjölgun öryrkja og er það gert með ýmsum hætti en þó er aðaláherslan lögð á að koma öryrkjum aftur út á vinnumarkaðinn ef hægt er.

Í eftirfarandi töflum kom fram koma upplýsingar þær sem beðið er um í 2.–4. lið fyrirspurnarinnar.

Tafla 1. Fjöldi örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega sem rétt áttu á bótageiðslum 1. desember 1998–2004.

	2004 ¹⁾	2003	2002	2001	2000	1999	1998
Örorkulífeyrisþegar	11.850	11.199	10.443	9.780	9.329	8.673	7.982
Endurhæfingarlífeyrisþegar	659	625	446	497	358	279	259
Breyting á fjölda örorkulífeyrisþega frá fyrra ári	651	756	663	451	656	691	
Hlutfallsleg breyting	5,8%	7,2%	6,8%	4,8%	7,6%	8,7%	
Breyting á fjölda endurhæfingarlífeyrisþega frá fyrra ári	34	179	-51	139	79	20	
Hlutfallsleg breyting	5,4%	40,1%	-10,3%	38,8%	28,3%	7,7%	

Heimild: Staðtölur almannatrygginga 2003, sem birtar eru á heimasíðu Tryggingastofnunar ríkisins.

¹⁾ Fjöldi lífeyrisþega 2004 miðast við þá sem fengu greiddar bætur 1. nóvember sl.

Endurhæfingarlífeyrir er tímabundinn lífeyrir.

Tafla 2. Fjöldi örorkulífeyrisþega sem rétt áttu á bótageiðslum 1. desember 1998–2004, skipt eftir kyni.

	2003		2002		2001	
	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar
Örorkulífeyrisþegar	6.817	4.382	6.375	4.068	5.932	3.848
Fjöldun frá fyrra ári	442	314	443	220	259	192
Hlutfall, %	6,9%	7,7%	7,5%	5,7%	4,6%	5,3%
	2000		1999		1998	
	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar
Örorkulífeyrisþegar	5.673	3.656	5.245	3.428	4.723	3.259
Fjöldun frá fyrra ári	428	228	522	169		
Hlutfall, %	8,2%	6,7%	11,1%	5,2%		

Heimild: Staðtölur almannatrygginga 2003, sem birtar eru á heimasíðu Tryggingastofnunar ríkisins.

Tafla 3. Örorku-og endurhæfingarlífeyrisþegar í hlutfalli af vinnuafli 16–74 ára, árin 1998–2004.

	2004 ¹⁾	2003	2002	2001	2000	1999	1998
Örorkulífeyrisþegar	11.850	11.199	10.443	9.780	9.329	8.673	7.982
Endurhæfingarlífeyrisþegar	659	625	446	497	358	279	259
Samtals	12.509	11.824	10.889	10.277	9.687	8.952	8.241

Vinnuaflið²⁾ 16–74 ára 161.400 162.400 162.000 162.700 160.100 156.500 152.100

Hlutfall örorku- og endurhæfingar-

lífeyrisþega af vinnuaflinu 7,8% 7,3% 6,7% 6,3% 6,1% 5,7% 5,4%

Heimild: Staðtölur almannatrygginga 2003, birtar á heimasíðu Tryggingastofnunar ríkisins, og rit Hagstofu Íslands, Vinnumarkaður 2002.

¹⁾ Fjöldi lífeyrisþega 2004 miðast við þá sem fengu greiddar bætur 1. nóvember sl.

²⁾ Vinnuaflið 2003 og 2004 eru reiknuð meðaltöl úr ársfjórðungslegum könnunum Hagstofunnar.

Endurhæfingarlífeyrir er tímabundinn lífeyrir.

Vinnuaflið er samanlagður fjöldi starfandi og atvinnulausra.

Tafla 4. Greiðslur Tryggingastofnunar til örorkulífeyrisþega árin 1998–2005.

	Áætlun									
	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998		
Lífeyrir	4.609	4.200	2.780	2.533	2.170	1.981	1.694	1.475		
Tekjutrygging og tekjutryggingarauki ¹⁾	6.476	5.890	5.747	3.999	3.286	3.648	2.311	2.008		
Heimilisuppbót	744	707	662	595	555	526	439	361		
<i>Samtals</i>	<i>11.829</i>	<i>10.797</i>	<i>9.189</i>	<i>7.127</i>	<i>6.012</i>	<i>6.155</i>	<i>4.444</i>	<i>3.844</i>		
Barnalífeyrir	1.547	1.366	1.184	1.049	856	764	632	556		
Uppbætur	321	309	283	300	284	258	269	265		
Vinnusamningur öryrkja	115	110	101	83	66	51	46	27		
Maka- og umönnunarbætur	51	45	40	29	22	21	21	20		
Styrkir til bifreiðakaupa	167	224	250	122	132	100	117	74		
Bensinstyrkur	249	241	226	214	187	143	117	112		
Vasapeningar	62	60	55	56	55	54	48	40	Breyting	Breyting
	905	989	956	804	747	627	618	538	2004/1998	2005/1998
Alls greiðslur til örorkulífeyrisþega	14.341	13.152	11.329	8.980	7.615	7.546	5.694	4.938	166,3%	190,4%
Samtals greiðslur til örorkulífeyrisþega, endurhæfingarlífeyrisþega og örorkustyrkþega	15.814	14.423	12.307	9.753	8.313	8.134	6.252	5.463	164,0%	189,5%
Heildarútgjöld heilbrigðis- og tryggingamála-ráðuneytis (A-hluti)	119.031	112.601	105.818	96.361	84.559	78.479	72.621	62.407		
Hluttur örorkulífeyrisþega í heildarútgjöldum HTR	12,0%	11,7%	10,7%	9,3%	9,0%	9,6%	7,8%	7,9%		
Hluttur örorkulífeyrisþega, endurhæfingarstyrkþega og örorkustyrkþega í heildarútgjöldum HTR	13,3%	12,8%	11,6%	10,1%	9,8%	10,4%	8,6%	8,8%		
Meðalfjöldi örorkulífeyrisþega með greiðslur á viðkomandi ári ²⁾	12.270	11.465	10.801	10.045	9.562	9.042	8.206	7.870	45,7%	55,9%
Íbúafjöldi	293.233	290.868	290.570	288.471	286.250	282.849	279.049	275.264	5,7%	6,5%
Íbúafjöldi 16–66 ára	192.614	190.142	189.654	188.168	186.785	184.267	181.366	178.717	6,4%	7,8%
Örorkulífegar í hlutfall af 16–66 ára	6,4%	6,0%	5,7%	5,3%	5,1%	4,9%	4,5%	4,4%		
Meðalgreiðsla á örorkulífeyrisþega	1.168.786	1.147.133	1.048.879	893.997	796.359	834.550	693.883	627.446	82,8%	86,3%

1. Árið 2003 er meðalín 812 millj. kr. greiðsla í kjölfar seinni öryrkjádóms og 1.065 millj. kr. árið 2000 í kjölfar fyrri öryrkjádómsins.

2. Árið 2004 meðalfjöldi örorkulífþega janúar til ágúst. Árið 2005 er gert ráð fyrir 7% aukningu frá meðalatali janúar til ágúst 2004.

Tafla 5. Greiðslur Tryggingastofnunar til endurhæfingarlífeyrisþega.

Fjárhæðir í mill. kr.	Áætlun Áætlun									
	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998		
Lífeyrir	444	374	173	150	134	99	76	63		
Tekjutrygging og tekjutryggingarauki ¹⁾	541	456	385	244	199	169	102	82		
Heimilisuppbót	51	49	45	33	27	18	16	8		
<i>Samtals</i>	<i>1.036</i>	<i>879</i>	<i>603</i>	<i>427</i>	<i>360</i>	<i>286</i>	<i>194</i>	<i>153</i>		
Barnalífeyrir	201	177	166	138	116	80	56	52		
Sérstök heimilisuppbót					2	3	3	2		
Uppbætur	9	8	8	7	6	6	5	4		
Maka- og umönnunarbætur	2	2	2	0	1	1	2	1		
Styrkir til bifreiðakaupa	1	1	1	1	2	3	3	0		
Bensinstyrkur	1	1	1	2	2	1	1	1	Breyting	Breyting
<i>Samtals</i>	<i>13</i>	<i>12</i>	<i>12</i>	<i>10</i>	<i>12</i>	<i>14</i>	<i>13</i>	<i>7</i>	2004/1998	2005/1998
Alls greiðslur til endurhæfingarlífeyrisþega	1.250	1.068	781	575	488	381	264	212	403%	488,2%
Heildarútgjöld heilbrigðis- og tryggingamála-ráðuneytis (A-hluti)	119.031	112.601	105.818	96.361	84.559	78.479	72.621	62.407		
Hluttur endurhæfingarlífeyrisþega í heildarútgjöldum	1,1%	0,9%	0,7%	0,6%	0,6%	0,5%	0,4%	0,3%		
Hluttur örorkulífeyrisþega, endurhæfingar- og örorkustyrkþega í heildarútgjöldum HTR	13,3%	12,8%	11,6%	10,1%	9,8%	10,4%	8,6%	8,8%		
Meðalfjöldi endurhæfingarlífeyrisþega ²⁾	765	665	512	462	422	308	270	247	169,2%	209,7%
Meðalgreiðslur á endurhæfingarlífeyrisþega	1.633.333	1.606.289	1.525.943	1.243.628	1.156.827	1.236.642	976.416	860.079	86,8%	89,9%

1. Árið 2003 er meðalín 36 millj. kr. greiðsla í kjölfar seinni öryrkjádóms og 50 millj. kr. árið 2000 í kjölfar fyrri öryrkjádómsins.

2. Árið 2004 meðalfjöldi jánúar til ágúst. 2005 er gert ráð fyrir 15% aukningu frá meðalatali jánúar til ágúst 2004.

Tafla 6. Greiðslur Tryggingastofnunar til örorkustyrkþega.

Fjárhæðir í millj. kr.	Áætlun									
	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998		
Örorkustyrkur	134	122	126	129	138	144	215	227		
Barnalífeyrir	85	75	63	62	67	58	67	73	Breyting	
Bensínstyrkur	2	2	2	4	4	4	7	8	2005/1998	
Styrkir til bifreiðakaupa	3	3	5	3	1	2	5	5		
Samtals	224	203	196	198	210	207	295	313	-28,4%	
Neysluerðsvísitala, meðaltal ársins	242,0	233,8	227,3	222,6	212,4	199,1	189,6	183,3	32,0%	
Launavísitala, meðaltal ársins	257,5	250,0	239,1	226,4	211,3	194,1	182,0	170,4	51,1%	
Meðalfjöldi örorkustyrkþega á árinu	711	711	731	818	903	1031	1519	1617	-56,0%	
Meðalgreiðslur til styrkþega ¹⁾	314.820	284.993	268.681	241.822	232.816	201.076	194.086	193.441	62,7%	

¹⁾ 2004 meðalfjöldi janúar til ágúst.